

**Nd.**

## **169. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 109/1943, um hlutatryggingafélög.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Barði Guðmundsson.

1. gr.

Í stað „0,7“ á tveimur stöðum í fyrri mgr. 5. gr. laganna komi: 1.

2. gr.

1. og 2. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Hlutatryggingasjóðum skal varið til þess að bæta upp aflahluti skipshafna, þegar þeir reynast óvenjulega lágir, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktu hlutatryggingafélagsins.

Skal þeirri meginreglu fylgt, að bæta hluti skipshafnar, sem ekki nær venjulegum hlut á því skipi í meðalári.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Aftan við 9. gr. laganna komi svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Ríkissjóður greiði tryggingarsjóði sjómanna í Bolungavík upphæð, er nemi 0,7 af hundraði af brúttóafla þeirra skipa, er aðilar voru að sjóðunum á tímabilinu 1. janúar 1944, til þess tíma, er myndað verður hlutatryggingafélag á staðnum á grundvelli laga þessara, þó ekki lengur en til 1. febrúar 1947.

### **Greinargerð.**

Árið 1939 var stofnaður í Bolungavík tryggingarsjóður sjómanna. Stóðu útgerðarmenn og sjómenn sameiginlega að sjóðstofnun þessari. Tilgangur sjóðsins var að tryggja sjómönnum ákveðnar lágmarkstekjur af atvinnu sinni, þegar illa áraði, en fjár hans skyldi aflað þannig, að 2% af afla þeirra báta, er frá Bolungavík stunduðu sjó, skyldu árlega leggjast í tryggingarsjóð.

Síðan hefur útgerðin í Bolungavík greitt tilskilin gjöld í sjóðinn, og var hann 1. júní s. l. orðinn 148411.05 kr. Hefur nokkrum sinnum verið úthlutað fé úr honum til uppbótar á hluti sjómanna, nú síðast fyrir tímabilið 1. janúar 1946 til 1. júní s. á. Tekjur sjóðsins árið 1944 voru kr. 40539.99, árið 1945 kr. 31188.65 og fyrstu 6 mánuði þessa árs kr. 22809.59.

Með þessari sjóðmyndun sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík var farið inn á algera nýjung í tryggingamálum sjómanna. Enginn slíkur sjóður var til héraðs áður. Og enn þá eru Bolvíkingar einu mennirnir, sem það hafa gert. En hér var um mjög merkilega nýjung að ræða. Sjómenn og útgerðarmenn sameinuðust um úrræði til tryggingar atvinnu þeirra, er sjómennsku stunduðu í byggðarlaginu. Upprunalega mun það hafa verið hugmyndin, að hlutir útgerðarmanna og sjómanna yrðu bættir jöfnum höndum. En framkvæmdin hefur orðið sú, að einungis hlutir sjómanna hafa verið bættir. Tryggingarsjóður Bolvíkinga hefur eins og að líkum lætur lengstum verið févana. En hann hefur samt greitt nokkrar tryggingar, sem bót hefur verið að.

Sjóðurinn hefur einskis styrks notið af opinberu fé. En nú er það áform Bolvíkinga að hagnýta sér fyrstir manna löggjöf þá, sem sett var á Alþingi haustið 1943, og stofna hlutatryggingafélag samkvæmt þeim. Er það ætlun þeirra að láta tryggingarsjóð sinn, sem nú er tæpar 150 þús. kr., renna inn í hið nýja hlutatryggingafélag. En til þess að það megi verða telja þeir nauðsynlegt, að gerðar verði nokkrar breytingar á lögnum um hlutatryggingafélög. Þess vegna er þetta frv. flutt.

Í janúar s. l. héldu útgerðarmenn og sjómenn í Bolungavík fund og samþykktu þar breytingartillögur, sem þeir óskuðu, að bornar yrðu fram á Alþingi við fyrrgreinda löggjöf. Fylgir fundargerð þess fundar og tillögur hér með sem fylgiskjal II. Reglugerð fyrir tryggingarsjóð sjómanna í Bolungavík fylgir sem fylgiskjal I.

Breytingar þær, sem í frv. felast á l. um hlutatryggingafélög, eru þessar:

1. Lagt er til, að hundraðshluti sá, sem greiða ber af brúttóafla, verði hækkaður úr 0,7% í 1%.
2. Hlutatryggingarsjóðum verði aðeins varið til þess að bæta upp aflahluti skipshafna, ekki hluti útgerðarinnar.
3. Með ákvæðum til bráðabirgða er farið fram á, að hlutatryggingarsjóði Bolvíkinga verði greitt framlag úr ríkissjóði fyrir þau ár, sem liðin eru síðan lögin um hlutatryggingafélög voru sett, þ. e. frá 1. janúar 1944. Er þó aðeins ætlað til, að framlag ríkissjóðs verði það, sem lögin áskilja nú, en ekki það, sem breytingartillaga frv. þessa fer fram á.

Þessar þrjár breytingar á lögunum um hlutatryggingafélög felast í frv. þessu. Um þá síðustu þeirra skal það aðeins sagt, að mjög sanngjarnt virðist, að við henni verði orðið. Hér er um algert nýmæli að ræða, sem alls góðs stuðnings er maklegt. Slíkur stuðningur mundi og kosta ríkissjóð sáralítill fjárútlát. Sést það greinilega af þeim fjárupphæðum, er greiddar hafa verið í sjóðinn á þessu tímabili, samtals kr. 94306.00. Er það þau 2%, sem útgerðin hefur greitt í sjóðinn á s. l. þremur árum. Yrði framlag ríkissjóðs nokkuð undir helmingi þess.

Það er skoðun flm. þessa frv., að löggjafar- og fjárveitingavaldinu beri að stuðla að eflingu hlutatrygginga almennt í landinu. Bolvíkingar hafa riðið á vaðið í þessum efnum, áður en nokkur löggjöf var sett um slíkar tryggingar. Þess vegna verður að vænta þess, að óskum þeirra, er í frv. þessu felast, verði vel tekið.

### Fylgiskjal I.

#### **Reglugerð fyrir Tryggingarsjóð sjómanna í Bolungavík.**

##### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Tryggingarsjóður sjómanna í Bolungavík. Tilgangur sjóðsins er að tryggja sjómönnum í Bolungavík lágmarkstekjur, þegar illa árar.

##### 2. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. 2% af öllum brúttó linuveiðaafla allra 4—9 smálesta báta í Bolungavík, sem eru raflýstir og hafa lóðaspil.
- b. Styrkur sá, sem kann að verða hægt að afla sjóðnum af opinberu fé.
- c. Gjafir, áheit og aðrar óvissar tekjur.

##### 3. gr.

Þegar hlutir sjómanna á einhverjum af áðurgreindum bátum nema minna að meðaltali en kr. 125.00 á mánuði á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí ár hvert, skal greitt úr Tryggingarsjóði það, sem á vantar, þó með þeim takmörkunum, sem settar eru í 4. og 5. grein þessarar reglugerðar. Engum skal greidd uppbót af meira en einum hlut.

##### 4. gr.

Þegar sjóðurinn hefur ekki yfir nægilegu fé að ráða til úthlutunar, skal henni hagað þannig, að jafnmikið vanti upp á hluti allra þeirra, sem styrks eiga að njóta.

5. gr.

Nú stundar bátur ekki línuveiðar allan tryggingartímann (1. jan. til 31. maí), og skal þá hlutarbótin aðeins miðuð við þann tíma, sem báturinn hefur verið á línuveiðum.

Veikist bátsverji eða forfallist á annan hátt nokkra daga, skal hann þó ekki fá hærri hlutarbót en aðrir bátsverjar.

Veikist sjómaður á tryggingartímanum eða fari af bátnum, svo að ráða verði mann í hans stað, án þess þó að um ráðningarsvik sé að ræða, skal hlutarbótin aðeins miðuð við þann tíma, sem hann hefur verið á bátnum.

Flytji maður sig á milli tryggingarskyldra báta, skal hlutarbótin miðuð við samtalda hluti hans á báðum bátunum eða öllum.

Hætti bátur róðrum einn eða fleiri daga til þess að aðstoða við vöruflytninga eða vinna önnur verk, sem kaup er greitt fyrir, skal kaup bátsverja talið með hlutnum, þegar uppbótin er reiknuð út.

Gangi maður úr skiprúmi áður en ráðningartími er úti, án lögættra ástæðna, hefur hann fyrirgert rétti sínum til hlutarbóta það ár.

6. gr.

Tryggingarsjóður skiptist í aðalsjóð og varasjóð. Aðalsjóður er allur úthlutunarbær, en 10% af nettó hagnaði hans ár hvert skulu renna í varasjóð. Varasjóð má aldrei skerða.

Sé aðalsjóður þurrausinn og vanti meira en 25% upp á mánaðarlega hlutarbót hvers manns, sem uppbót á að fá, er sjóðsstjórn heimilt að taka það, sem á vantar, að láni úr varasjóði, þó aldrei meira en helming sjóðsins. Lánið skal endurgreitt svo fljótt, sem auðið er.

Þegar ársvextir varasjóðs nema orðið kr. 500.00, lækkar tillag til hans úr aðalsjóði niður í 5% og fellur alveg niður, þegar ársvextir eru orðnir kr. 1000.00.

7. gr.

Nú verður gengisbreyting á íslenskri krónu, sem nemur 10% eða meira, og skal þá tryggingarupphæðin hækka eða lækka í réttu hlutfalli við gengisbreytinguna, enda hafi hún haft tilsvarendi áhrif á verðlagið.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Vinnuveitendafélag Vestfjarða skipar einn, Alþýðusamband Vestfjarða annan og atvinnumálaráðherra þann þriðja, og sé hann formaður. Stjórnin er skipuð til þriggja ára í senn, kýs hún sjálf féhirði úr sínum hópi, og skal hann m. a. hafa á hendi bókhald sjóðsins og gæta fyllstu reglu um innheimtu tekna hans.

Endurskoðendur sparisjóðs Bolungavíkur séu jafnframt endurskoðendur tryggingarsjóðsins. Reikningar skulu fullgerðir í janúarmánuði og endurskoðun lokið fyrir 15. febrúar. Stjórn sjóðsins ákveður þóknun féhirðis og endurskoðenda.

Útreikningur á hlutarbótum fer fram í júnímánuði ár hvert.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

9. gr.

Fé aðalsjóðs og varasjóðs skal ávaxta í sparisjóði Bolungavíkur að jöfnum kjörum, ella í ríkistryggðri bankastofnun.

10. gr.

Nú er aðalsjóður orðinn 20 þúsund krónur og nýtur styrks af opinberu fé, er þá sjóðsstjórninni heimilt að hækka tryggingarupphæðina um allt að 20%, eða lengja tryggingartímabilið, þannig að það hefjist 1. nóvember og verði 7 mánuðir.

11. gr.

Reglugerð þessari verður ekki breytt nema með samþykki útvegsmanna í Bolungavík og Sjómannadeildar V. L. F. B.

Reglugerð þessi gildir frá 1. janúar 1939.

Leitað skal staðfestingar atvinnumálaráðherra á reglugerðinni.

Bolungavík, 9. febr. 1939.

F. h. útvegsmanna.

Einar Guðfinnsson, Bjarni Eiríksson, Magnús Kristjánsson, Guðmundur Pétursson, Kristján Kristjánsson, Bernóðus Halldórsson, Jón Guðfinnsson, Helgi Einarsson.

F. h. Sjómannadeildar V. L. F. B.

Páll Sólmundsson, Finnbogi Bernóðusson.

Fylgiskjal II.

Fundur sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík, haldinn 1946, ályktar:

A.

Sjómenn og útgerðarmenn í Bolungavík eru reiðubúnir til að stofna hlutabréggingsfélag í Bolungavík á grundvelli laga nr. 109 30. des. 1943, 1.—5. gr., ef eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

1. Tryggingarsjóður sjómanna í Bolungavík renni inn í hlutabréggingsfélagið.
2. a- og c-liður 2. gr. reglugerðar tryggingarsjóðsins haldist óbreyttir, en b-liður orðist svo: Tillag ríkissjóðs lögum samkvæmt.
3. Lögum um hlutabréggingsfélög frá 1943 verði breytt þannig, að heimilt verði að bæta einungis hluti sjómanna á sama grundvelli og nú er ráðgert í reglugerð tryggingarsjóðs sjómanna í Bolungavík, og sá háttur verði á hafður í hinu væntanlega hlutabréggingsfélagi.
4. Önnur atriði varðandi hlutabréggingsfélagið skal ákveða í samþykktum, sbr. 4. gr. l. 109/1943, enda samþykki sjómannadeild Verkalýðsfélags Bolungavíkur á fundi sínum f. h. sjómanna og meiri hluti útgerðarmanna í Bolungavík f. h. útgerðarmanna samþykktirnar.
5. Tillag ríkissjóðs samkv. 5. gr. laga 109/1943 verði a. m. k. 0,7% af brúttóafli, svo sem þar er ráðgert.

B.

Sjómenn og útgerðarmenn í Bolungavík heina eftirfarandi tilmælum til Alþingis:

1. Að lögum nr. 109/1943 um hlutabréggingsfélög verði breytt þann veg, að í 5. gr. fyrri málsg. komi 1 af hundraði í stað 0,7 af hundraði í báðum málsl.
2. Ríkissjóði verði gert að leggja tryggingarsjóði sjómanna í Bolungavík 0,7 af hundraði af brúttóafli þeirra skipa, sem voru aðilar að sjóðnum á tímabilinu a. frá 1. janúar 1944 til 31. desember 1945, b. frá 1. janúar 1946 þangað til hlutabréggingsfélag verður stofnað á þeim grundvelli, sem að framan greinir.

Tillag ríkissjóðs verði miðað við tvö prósent framlag áður nefndra skipa, þannig að móti hverju 20 króna tillagi, sem greitt var í sjóðinn á áður nefndum tímabilum, komi 7 kr. úr ríkissjóði.

Telja sjómenn og útgerðarmenn þessi tilmæli réttmæt á grundvelli þess, að allt frá stofnun tryggingarsjóðs sjómanna í Bolungavík á öndverðu ári 1939 og til þessa dags hefur framannefnt tillag verið greitt í hann, án þess að krafizt hafi verið nokkurs framlags af opinberu fé á móti, sem þó tíðkast nú mjög um almannatryggingar. Enn fremur má ljóst vera, hvílíka félagslega þýðingu starfsemi þessa sjóðs geti haft fyrir þetta byggðarlag, enda telja sjómenn og útgerðarmenn í Bolungavík, að góð lausn þessa máls geti haft mjög veruleg áhrif á framtíð héraðsins.

Fundurinn felur alþingismanni kjördæmisins að bera mál þau, sem um ræðir í A- og B-liðum þessarar ályktunar, fram við stjórnarvöld landsins og beinir þeirri áskorun til fiskimálastjóra, að hann veiti málinu stuðning sinn.

Þannig samþykkt á sameiginlegum fundi sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík 30. jan. 1946.

Jón Kr. Guðnason,  
fundarstjóri.

Guðm. Ág. Jakobsson,  
fundarritari.